

# Á leið til nýrrar aldar

Stefna, starfshættir og skipulag

**Fjármálaráðuneytið rit 1998-1**  
**Mars 1998**

Á leið til nýrrar aldar  
ISBN: 9979-820-40-3  
© 1998 Fjármálaráðuneytið  
Steindórsprent Gutenberg

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>5</b>
<b>1. Hlutverk fjármálaráðuneytisins og skyldur</b>	<b>7</b>
<b>2. Markmið, stefna og starf fjármálaráðuneytisins</b>	<b>9</b>
<b>3. Skipulag ráðuneytisins, mars 1998</b>	<b>11</b>
Einkenni skipulags	
Skrifstofur	
Áhrif breytts skipulags	
<b>4. Starfsfólk</b>	<b>27</b>
<b>5. Aðhald og eftirlit</b>	<b>29</b>



## Inngangur

**F**jármálaráðuneytið gegnir mikilvægu hlutverki við stjórn efnahags- og fjármála hér á landi eins og í öðrum löndum. Sífelld meiri kröfur um skilvirkni í opinberri þjónustu ásamt vaxandi erlendum samskiptum gefa fullt tilefni til að endurskoða stjórnsýsluhætti héraendis og þar með skipulag og starfshætti fjármálaráðuneytisins.

Breytt alþjóðlegt umhverfi gerir auknar kröfur til ríkisins um að vera vakandi yfir nýjungum. Ábyrg og fagleg stjórn ríkisfjármála er afar mikilvægur þáttur í almennti hagstjórn og vægi stefnumörkunar í ríkisfjármálum á án efa enn eftir að aukast í framtíðinni. Starf fjármálaráðuneytisins þarf því í auknum mæli að beinast að stefnumarkandi viðfangsefnum og þar af leiðandi er eðlilegt að færa almenn afgreiðsluverkefni til undirstofnana.

Alþjóðlegir samningar leggja auknar skyldur á herðar stjórnsýslunnar, m.a. með því að tryggja jafnræði þeirra sem eiga í viðskiptum burtséð frá þjóðerni þeirra. Í vaxandi mæli sjá útlendingar sér hag í því að eiga viðskipti hér á landi og Íslendingar hasla sér sömuleiðis völl í öðrum löndum. Fjármálaráðuneytið þarf að greiða fyrir þessari þróun og takast á við nýjar aðstæður í stjórnsýslunni.

Alþingi og stjórnvöld hafa á undanföllum árum staðið fyrir margs konar umbótum, sem jafnframt leggja nýjar skyldur á stjórnvöld. Á sama tíma hefur vitund fólks um réttarstöðu sína styrkst. Fjármálaráðuneytið þarf eins og aðrir opinberir aðilar að laga sig að þessum breytingum.

Með ofangreind sjónarmið í huga hefur nýtt skipulag fyrir fjármálaráðuneytið verið ákveðið. Tilgangurinn er að styrkja þátt ráðuneytisins í hagstjórninni, bæta stjórnsýslu þess og efla þjónustu við landsmenn. Það er von mín að með nýju skipulagi geti ráðuneytið gegnt hlutverki sínu enn betur en hingað til við síbreytilegar og krefjandi aðstæður.

Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri hefur í samvinnu við skrifstofustjóra og aðra starfsmenn ráðuneytisins unnið að þessu verkefni og niðurstöður birtast í þessu riti, þar sem lýst er stefnu, starfsháttum og skipulagi ráðuneytisins. Fyrir það starf er honum og öðrum þeim, sem að verkinu komu, færðar bestu þakkir.



5. mars 1998

Friðrik Sophusson



## 1. Hlutverk fjármálaráðuneytisins og skyldur

**H**lutverk ráðuneytisins er ákveðið í lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969. Þau tóku gildi hinn 1. janúar 1970 og gilda í öllum meginatriðum enn að teknu tilliti til breytinga með lögum nr. 14/1991. Skipulag fyrir fjármálaráðuneytið var ákveðið í kjölfar lagabreytingarinnar og tók það gildi 2. apríl 1991. Það skipulag var lítillega endurskoðað 1993 og gildir frá 28. maí það ár.

Ráðuneytið er ráðherra til aðstoðar um hvað eina er lýtur að stefnumótun og framkvæmd hennar í málum er undir ráðuneytið falla. Það skal m.a. undirbúa mál til framlagningar fyrir Alþingi, í ríkisstjórn og eiga samvinnu við önnur ráðuneyti og hagsmunaaðila. Þá hefur það viðtækar stjórnsýsluskyldur gagnvart þeim stofnunum sem starfa á ábyrgð þess.

Samkvæmt lögum fer fjármálaráðuneytið með mál er varða fjármál ríkisins, undirbúning og samning fjárlaga, eignir ríkisins, skatta og tolla, ríkislán og lántökur stofnana, launa- og réttindamál starfsmanna ríkisins, málefni lífeyrissjóða og almennar umbætur í ríkisrekstri.

Rekstur á starfsemi ráðuneytisins er allnokkur. Starfsmenn aðalskrifstofu ráðuneytisins hafa verið um 75 á undanförunum árum og rekstrarveltan líðlega 300 m.kr. Starfsemi ráðuneytisins og stofnana á þess vegum telur hins vegar um 800 starfsmenn og reksturinn nemur á fjórða milljarð króna.

Frá því lögin um Stjórnarráð Íslands voru sett, hafa kröfur til stjórnsýslunnar og ákvæði um starf hennar gjörbreyst, einkum hin síðari ár. Réttur borgaranna gagnvart stjórnvöldum hefur verið lögfestur, samskipti Alþingis og ráðuneyta eru önnur og alþjóðlegir samningar hafa lagt nýjar skyldur á stjórnvöld. Störf og verkefni fjármálaráðuneytisins hafa því verið sveigð og aðlöguð nýjum þörfum. Segja má að hlutverki ráðuneytisins sé lýst með knöppum hætti í lögnum um stjórnarráðið en með lögum sem sett hafa verið síðar er kveðið á um hvernig það hlutverk skuli leyst af hendi.

Tímabært er að endurmeta starfshætti og stöðu ráðuneytisins miðað við breyttar aðstæður. Í því sambandi er að því að hyggja að fjármálaráðuneyti nálægra landa eru almennt áhrifarík í mótun samfélagsins. Algengt er að þau hafi eftirfarandi að leiðarljósi:

- að stefnan í opinberum fjármálum sé sett með það að marki að auka hagvöxt og hagsæld,
- að stjórn opinberra fjármála stuðli að stöðugleika í efnahagslífinu,

- að skipting efnahagslegra gæða sé í samræmi við pólitíska stefnu, hvort heldur er milli tekju- og eignahópa, þéttbýlis og dreifbýlis eða ríkisins og einkaaðila,
- að opinber afskipti, greiði fyrir heilbrigðri starfsemi einkaaðila,
- að virtur sé réttur og jafnræði einstaklinga og fyrirtækja og að greitt sé fyrir eðlilegri samkeppni,
- að tekjur ríkissjóðs séu ákveðnar og þær innheimtar á hagkvæman og skilvirk- an hátt í samræmi við lög og reglur,
- að útgjöldum ríkissjóðs sé varið á hagkvæman og árangursríkan hátt,
- að umsýsla eigna ríkisins sé skilvirk og skuldbindingar ríkissjóðs séu ávallt virtar og
- að stöðugt sé unnið að umbótum í starfsemi hins opinbera.

Flest það sem hér er rakið fellur vel að hlutverki fjármálaráðuneytisins hér á landi. Fullvíst er einnig að á fyrstu árum nýrrar aldar verður eftirfarandi fullgilt og ráðandi:

- Fagþekking starfsmanna verður enn mikilvægari en nú er bæði í stjórnsýslu og á sérsviðum.
- Þjóðfélagið verður rekið í vaxandi mæli eftir rafrænum upplýsinga- og sam- skiptaleiðum. Það gildir jöfnum höndum fyrir einkarekstur, einstaklinga og opinbera starfsemi.
- Hið opinbera þarf, eins og einkaaðilar, stöðugt að leita hagkvæmustu lausna í öllum málefnum. Mörkin milli opinberrar starfsemi og einkarekstrar verða því enn óleggri en nú er.
- Aukin erlend áhrif á ótal sviðum þjóðfélagsins munu leiða fram skýrt gildi staðgóðrar þekkingar í alþjóðlegum samskiptum og viðskiptum.
- Loks er það almenn skoðun, að ríkisfjármálin muni gegna lykilhlutverki í hag- stjórni hér á landi sem annars staðar.

Ráðuneytið þarf að marka sér stöðu og skipulag í samræmi við það sem hér er lýst. Í næsta kafla eru markmið ráðuneytisins skýrð.



## 2. Markmið, stefna og starf fjármálaráðuneytisins

**M**arkmið með starfi fjármálaráðuneytisins eru stöðugt í deiglu. Því ræður stefna ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma, stefna og ákvarðanir fjármálaráðherra, alþjóðlegir straumar og krafa samfélagsins. Ráðuneytinu þarf þess vegna með reglubundnu millibili að setja markmið og skilgreina leiðir að því.

Árið 1991 voru störf og verkefni ráðuneytisins endurskoðuð frá grunni. Nú, sjö árum síðar, eru starfsaðstæður að ýmsu leyti breyttar. Því veldur önnur krafa til stjórnáráðgjafarinnar, m.a. vegna laga um umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun og stjórnáráðgjafalaga og upplýsingalaga. Skyldur gagnvart erlendum aðilum hafa einnig breyst með aðild landsins að Evrópska efnahagssvæðinu, breyttu samstarfi á sviði Norðurlanda og fleira. Þá er þess að geta að á þessum áratug hefur efnahagslífið orðið æ líkara því sem gerist hjá öðrum ríkjum; verðlag er stöðugt, frelsi til viðskipta er víðtækt og hagstjórn hér á landi er áþekkt. Í þessu ljósi eru ráðuneytinu sett ný markmið í starfi og starfshættir ákveðnir í samræmi við þau.

Markmið ráðuneytisins eru:

- að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu, viðunandi hagvexti, aukinni atvinnu og bættum lífskjörum með ábyrgri stefnu og framkvæmd í efnahags- og ríkisfjármálum. Það verði m.a. gert með því að koma á formlegu samstarfi við þá aðila sem móta efnahagsstefnuna hverju sinni.
- að skatta-, útgjalda- og lánastefna stjórnvalda treysti starfsskilyrði atvinnulífs og einstaklinga og styrki grundvöll velferðarkerfisins. Fjárlagagerðin verði styrkt og aðlöguð breyttum áherslum í ríkisrekstri. Markviss skoðun fari fram á veigamestu útgjalda- og tekjupáttum ríkissjóðs og áhrifum þeirra á efnahags- og ríkisfjármálin.
- að vinna með einbeittum hætti að umbótum og nýsköpun í ríkisrekstri. Hér verður sérstaklega hugað að aukinni ábyrgð stofnana og starfsmanna, m.a. með markvissri árangurstjórnun. Kostir einkamarkaðarins verða nýttir í þágu hins opinbera, þar sem það á við, með útboði rekstrarverkefna og framkvæmda og með sölu ríkisfyrirtækja.
- að efla samskipti ráðuneytisins við almenning, fjölmiðla og hagsmunasamtök. Unnið verði úr ýmsum gögnum um ríkisfjármál til birtingar innanlands og utan. Skýrslur, greinargerðir og önnur útgáfa á vegum ráðuneytisins verði aðgengileg, í prentuðu sem tölvutæku formi, m.a. á heimasíðu ráðuneytisins.

Fyrir daglegt starf ráðuneytisins eru markmiðin þessi:

- að veita fjármálaráðherra faglega fyrsta flokks ráðgjöf til undirbúnings ákvörðunar stjórnvalda.
- að vanda sem frekast er kostur munnlega og skriflega framsetningu á öllu efni sem ráðuneytið lætur frá sér fara.
- að virða ákvæði laga og reglna um góða stjórnsýsluhætti og embættisfærslur. Tekur það til tímamarka og efnismeðferðar.
- að rækta markviss og góð samskipti við þær stofnanir sem starfa á ábyrgð ráðuneytisins. Stofnanir ráðuneytisins séu efldar og starfsmenn þeirra hvattir til þess að ná hámarksárangri í starfi.
- að stjórnsýsla ráðuneytisins sé skilvirk og til fyrirmyndar. Ábyrgð starfsmanna á stjórn verkefna aukist og starfsmenn fái þjálfun í samræmi við það.

Skipulag og starfshættir ráðuneytisins miða gagngert að því að afmarka starf þess;

- við mótun stefnu í hinum ýmsu málum,
- við framsetningu og málsvörn fyrir þá stefnu,
- við að greiða fyrir lausn í deilumálum með faglegum úrskurði þegar það á við og
- við eftirlit, með því að þeir aðilar sem fara með framkvæmd stefnunnar leysi sitt verk vel af hendi.

Fyrir dagleg störf í ráðuneytinu er eftirfarandi ákveðið:

- Verkefnum verður forgangsraðað í ljósi áherslna fjármálaráðherra og yfirstjórnar ráðuneytisins þar sem tillit er tekið til takmarkaðs mannafla og fjármuna.
- Gerðar verða verkáætlanir fyrir skrifstofur ráðuneytisins og verkefnastjórnun beitt við þau úrlausnarefni sem sérstaklega eru til þess fallin.
- Úrvinnslu gagna og útgáfa á athugunarefnum ráðuneytisins verður komið á framfæri við hagsmunaaðila, almenning, fjölmiðla og aðra sem málið varðar.
- Árlega verður lagt mat á árangur starfsmanna, skrifstofa og ráðuneytisins í heild.
- Tölvutæknin verður nýtt í þjónustu ráðuneytisins til þess að hraða verkum og auka skilvirkni.
- Atriði er snerta starfsmenn verða meðal forgangsverkefna.

### 3. Skipulag ráðuneytisins, mars 1998

**N**ýtt skipulag fyrir ráðuneytið hefur verið ákveðið af fjármálaráðherra. Leiðarljós í skipulaginu eru hugtökin samhæfing og skilvirkni.

#### Einkenni skipulags

Í **fyrsta lagi** er skipulaginu ætlað að auka vægi ríkisfjármálanna í efnahagsstefnunni og styrkja tengsl ráðuneytisins út á við. Því er með formlegum hætti ákveðið að koma á samstarfi við Alþingi, hagsmunasamtök, efnahagsstofnanir og ráðuneyti sem fjármálaráðuneytið á samleið með.

Í **öðru lagi** felur skipulagið í sér að hlutverk einstakra starfsmanna getur verið breytilegt frá einum tíma til annars. Skipulag ráðuneytisins verður nú þannig að tveir skrifstofustjórar hafa stjórnarsýsluskyldur í ráðuneytinu og gagnvart stofnunum þess, tveir hafa eingöngu stjórnarsýsluskyldur innan ráðuneytisins og tveimur er falin stjórn sérstakra verkefna sem ráðuneytið ákveður.


Í **þriðja lagi** er tekið upp verklag sem reynir ekki eins mikið og verið hefur á formlega skipan skrifstofa. Ýmis áhersluverkefni verða nú felld að markvissri verkefnastjórnun. Tilgangurinn með þessu er að leggja meiri alúð við þau verkefni sem sérstakrar athygli þarfnast og jafnframt gefa starfsmönnum tækifæri til þess að bera ábyrgð á stjórnun þeirra. Einnig er hvatt til þess að starfmenn sinni hagnýtum rannsóknarverkefnum.

Stofnað verður til formlegs samstarfs við aðila utan ráðuneytisins á þrennum vettvangi. Komið verður á fót samstarfi Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka Íslands, forsætisráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis um hagstjórn. Tilgangur þessa er að styrkja stefnumótun í ríkisfjármálum til skamms og langs tíma og efla þannig ráðuneytið í ráðgjöf við fjármálaráðherra um efnahags- og ríkisfjármál. Í öðru lagi verður samstarfið við fjárlaganefnd Alþingis styrkt þar sem fylgst verður með stöðu og horfum í veigamiklum atriðum efnahags- og ríkisfjármála. Í þriðja lagi verður efnt til samstarfs við hagsmunaaðila um málefni sem varða starfsskilyrði atvinnulífsins. Tekur þetta til samkeppnis- og starfsskilyrða, s.s. skatta, gjalda, ríkisstyrkja, alþjóðaviðskipta og ákvæða EES-samnings.

Ráðuneytisstjóri mun sinna ofangreindu nefndarstarfi í samráði við hlutaðeigandi skrifstofustjóra og sérfræðinga. Þá beinir hann starfi sínu í auknum mæli að

## Skipurit fjármálaráðuneytisins

*Samb. Fspól.*



Því að efla áhrif og tengsl ráðuneytisins út í samfélagið. Að öðru leyti hvíla á ráðuneytisstjóra skyldur um stefnumótun og stjórnun í starfi ráðuneytisins í samræmi við ákvörðun ráðherra og erindisbréf.

Yfirstjórn ráðuneytisins, skv. skipuritinu, er ráðherra, aðstoðarmaður/menn ráðherra, ráðherraritari, ráðuneytisstjóri og ritari hans. Skrifstofustjórar sem eru undanþegnir skrifstofustjórn munu vinna að úrlausn ýmissa mála með yfirstjórn sé því ekki komið fyrir með öðrum hætti.

Hér fer á eftir lýsing á helstu verkefnum skrifstofa ráðuneytisins og á sam-eiginlegri starfsemi þess.

### Skrifstofur

Í ráðuneytinu eru fjórar skrifstofur, hver með sinn skrifstofustjóra auk tveggja skrifstofustjóra sem eru án stjórnsluskyldu. Verkefni þeirra eru:


Annar skrifstofustjóranna sem ekki hefur á hendi stjórnsluskyldu er nú jafnframt hagfræðingur ráðuneytisins og sinnir þar af leiðandi fyrst og fremst almennri stefnumótun í efnahags- og ríkisfjármálum. Í því felst undirbúningur og stefnumótun í ríkisfjármálum og efnahagsmálum sem og stjórn tilgreindra verkefna, s.s. gerð langtímaáætlunar í ríkisfjármálum. Þá hefur hann veigamiklu hlutverki að gegna í almennri efnahagsráðgjöf og við samræmingu á efnahags- og ríkisfjármálastefnunni í öllu starfi ráðuneytisins. Enn fremur tekur hann þátt í erlendu samstarfi við helstu efnahagsstofnanir og skipuleggur samstarfið við þær.

Hinn skrifstofustjórinn, sem er undanþeginn stjórnunarskyldu, vinnur að hagræðingu og umbótum fyrir ráðuneytið og önnur ráðuneyti eftir því sem ákveðið er. Hann stjórnar tilteknum verkefnum á þessu sviði, t.d. árangursstjórnun, og tekur þátt í öðrum. Hann er ráðherra og ráðuneytisstjóra til ráðgjafar um umbótamál í ríkisstarfseminni bæði með almennum og sérgreindum hætti.

Aðrir skrifstofustjórar stjórna starfinu hver í sinni skrifstofu. Skrifstofurnar eru auðkenndar í töluröð og með nöfnum sem vísa til helstu viðfangsefna. Tilgangurinn er sá að ráðuneytið komi fram út á við sem stjórnsluheild og einnig að auðveldara verði að flytja verkefni milli skrifstofa, enda verkefnin oft án tilvísunar í heiti skrifstofa.

Náið samstarf þarf að vera milli skrifstofa þar sem aðild þeirra að fjölmörgum málefnum á starfssviði ráðuneytisins er tengd.

## Skrifstofa 1: Tekju- og lagamál



Meginhlutverk skrifstofunnar er að vinna að skattafræðilegum málefnum og annast lagaundirbúning og lagatúlkun. Enn fremur ber henni að vinna að rannsóknum á áhrifum skatta og skattabreytinga m.a. meta áhrif þeirra á tekjur ríkissjóðs. Skattlagning og innheimta opinberra gjalda hvílir hjá stofnunum sem falla undir skrifstofuna. Verkefni skrifstofunnar skiptast þannig í helstu málaflokka:

**Stjórnsýsla:** Til málaflokksins teljast samskipti og faglegt eftirlit með stofnunum á sviði skrifstofunnar en þær eru: Embætti ríkisskattstjóra, embætti skatt-rannsóknarstjóra, skattstofur, yfirsattanefnd, embætti ríkislögmans, ÁTVR, embætti ríkistollstjóra og tollstjórar. Auk almennrar stjórnsýslu falla undir málaflokkinn fjárlagagerð og vinna að árangursstjórnun ofantaldra stofnana.

**Alþjóðamál:** Undir þau falla gerð tvísköttunar-samninga, vinna að friverslunarsamningum og samskipti við alþjóðastofnanir, einkum EES, ESA, OECD, WTO og stofnanir á sviði tollamála.

**Lagamál:** Til málaflokksins teljast gerð og um-sagnir um lagafrumvörp ráðuneytisins og annarra ráðuneyta, yfirferð reglugerða og samskipti við ríkis-lögmenn. Þá fellur ábyrgð á samskiptum við umboðs-mann Alþingis undir málaflokkinn sem og ábyrgð á málefnum er heyra til stjórnsýslulaga og upplýsinga-laga. Enn fremur mál er varða innheimtu opinberra gjalda, bókhald og ársreikninga fyrirtækja.

**Skattamál:** Til málaflokksins teljast löggjöf og framkvæmd skatta, skatteftirlit, reglugerðir um skattamál og útgáfa skattadóma og úrskurða yfir-skattanefndar. Ennfremur samskipti við embætti ríkisskattsstjóra, skattstofur og embætti skattrann-sóknarstjóra um fagleg málefni.


**Tollar og vörugjöld:** Hingað falla tollar og vörugjöld og fagþættir er varða ÁTVR. Enn fremur lög og reglugerðir á þessu sviði, frísvæði, tollfrjálsar vörugeymslur og toll- og fíkniefnaeftirlit.

**Lífeyris- og samkeppnismál:** Undir málaflokkinn falla löggjöf, reglugerðir og úrskurðir í lífeyrismálum, lagalegir þættir er varða opinber útboð og ríkisstyrki og samskipti við Kærunefnd útboðsmála. Þá falla hér undir lög og reglugerðir um stimpilgjöld og úrskurðir því tengdir.



## Skrifstofa 2: Starfsmannamál

Meginhlutverk skrifstofunnar er að vera málsvari ráðuneytisins í málefnum vinnumarkaðarins og koma sjónarmiðum þess á framfæri á þeim vettvangi. Einnig veitir skrifstofan stjórnvöldum og einstökum stofnunum ráðgjöf við framkvæmd og túlkun laga, reglna, samninga og ákvarðana stjórnvalda. Almennar og sértækar úttektir og athuganir á sviði kjara- og stefnumarkandi mála verða unnar. Samninganefnd ríkisins starfar í nánum tengslum við skrifstofuna. Verkefni skrifstofunnar skiptast í eftirfarandi málaflokka:



**Vinnumarkaðsmál:** Til þeirra telst þátttaka í og aðild að stefnumótun stjórnvalda, stéttarféлага og annarra hagsmunaaðila að umbótum á vinnumarkaði, löggjöf um vinnumarkaðinn, jafnréttismálum, aðbúnaðar og hollustuhátta, vinnutíma, kjaramála í viðum skilningi og lífeyrismála. Tekur þetta einnig til alþjóðaskuldbindinga á þessu sviði.

**Starfsmannastefna:** Skrifstofan hefur með höndum að setja fram tillögur að veigamestu þáttum í starfsmannastefnu ríkisins. Má þar nefna ráðningu starfsmanna, jafnréttismál, menntun, flutning í starfi, starfslok fyrir lögskipaðan eftirlaunaaldur o.fl.


**Kjarasamningar og launastefna:** Verkefnið felst í athugun á skipulagi kjarasamningagerðar hjá ríkinu, reglna og tilhögunar á samstarfi kjarasamningsaðila. Jafnframt að móta stefnu og framfylgja aðild ríkisins í kjarasamningsviðræðum.

**Túlkun laga, reglna og kjarasamninga:** Verkefnið er fólgið í túlkun grundvallarlaga og réttindareglna um kjaramál sem stofnanir ríkisins vinna samkvæmt. Málsmeðferð ágreiningsmála sem skotið er til ráðuneytisins kemur til úrlausnar.

**Eftirlit og rannsóknir:** Unnið verður að markvissu eftirliti með framkvæmd kjarasamninga, launaþróun, hvernig ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru haldin, afleiddum áhrifum á lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna o.fl. Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS) gegnir hér veigamiklu hlutverki. Sérstakt rannsóknarverkefni verður unnið um viðhorf starfsmanna ríkisins til starfsaðstæðna í ljósi breyttrar starfsmannastefnu ríkisins.

**Samninganefnd ríkisins:** SNR starfar skv. lögum nr. 94/1986 og hefur það hlutverk að koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra við kjarasamningsgerð við opinbera starfsmenn. Fjármálaráðherra skipar nefndina ótímabundið. Nefndin starfar í nánnum tengslum við skrifstofuna og yfirstjórn ráðuneytisins.

## Skrifstofa 3: Fjárreiðu- og eignamál



Meginhlutverk skrifstofunnar er annars vegar að bera ábyrgð á ýmsum þáttum er lúta að framkvæmd fjárlaga ríkisins og hins vegar á ýmsum afmörkuðum þáttum í fjármálastjórn ríkisins. Einnig hefur skrifstofan stjórnsýsluskyldur gagnvart nokkrum stofnunum sem undir ráðuneytið heyrja. Enn fremur vinna starfsmenn að ýmsum hagfræðilegum athugunum innan skrifstofunnar eða í samstarfi við aðra starfsmenn ráðuneytisins. Verkefni samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og ríkisreikningsnefndar falla loks undir verksvið skrifstofunnar. Verkefni skrifstofunnar skiptast í eftirfarandi flokka:

**Stjórnsýsla:** Verkefnið lýtur að faglegu eftirliti með eftirtöldum stofnunum: Ríkisbókhaldi, Ríkisfjárhirslu, Fasteignamati ríkisins, Lánasýslu ríkisins, Ríkiskaupum, Framkvæmdasýslu ríkisins og Fasteignum ríkissjóðs. Auk almennrar stjórnsýslu fellur undir sviðið fjárlagagerð fyrir umræddar stofnanir og vinna að árangursstjórnun.

**Fjárstýring - fjárlagaeftirlit:** Verkefnið lýtur að gerð fjárstýringaráætlunar fyrir ríkissjóð innan fjárlagaársins og að hafa eftirlit með því að ráðuneyti virði fjárlagaheimildir. Þá tekur verkefnið til umsjónar með viðskiptareikningum, ákvörðunum um lánafyrirgreiðslu og hlutafjárframlaga til fyrirtækja.

**Lánamál og markaðsaðgerðir:** Verkefnið lýtur að mótun stefnu ríkissjóðs og áætlun í innlendum og erlendum lánamálum. Undir þetta fellur að árlega sé gerð grein fyrir aðgerðum ríkisins í lánamálum og öðru sem tekur til skuldstýringar ríkissjóðs, s.s. útgáfu ársyfirlita um lánamál ríkisins.

**Atvinnufyrirtæki:** Undir málaflokkinn fellur umfjöllun og áætlunargerð til fjárlaga fyrir tiltekin fyrirtæki og sjóði í eigu ríkisins í B- og C-hluta fjárlaga. Jafnframt ráðgjöf um meðferð eignarhluta ríkissjóðs í félögum og sameignarfélögum ríkis og sveitarfélaga. Einnig samskipti við einkafyrirtæki um mál er ráðuneytið varðar og eru ekki á sviði annarra skrifstofa.

**Opinberar framkvæmdir og eignamál:** Til þessa flokks telst þátttaka í athugun á ýmsum framkvæmdaverkefnum og samningar þar að lútandi. Enn fremur undirbúningur funda samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og samskipti við Framkvæmdasýslu ríkisins.


**Rannsóknir og athuganir:** Til þessa málaflokks teljast valdar rannsóknir og áframhaldandi starf að því að bæta árangur stofnana í starfi, einkaumsýsla opinberra verkefna o.fl.

**Opinber innkaup – Einkavæðing:** Verkefnið felur í sér frekara starf við útboð á rekstri og þjónustuverkefnum og samningum þar um. Jafnframt að veita Framkvæmdanefnd um einkavæðingu nauðsynlega aðstöðu og þjónustu.

**Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir:** Nefndin starfar skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

**Ríkisreikningsnefnd:** Nefndin starfar skv. lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

## Skrifstofa 4: Fjárlagamál



Meginhlutverk skrifstofunnar er undirbúningur og umsjón með gerð fjárlaga og fjáraukalaga. Þetta tekur jafnt til tekna, útgjalda og lána ríkissjóðs. Enn fremur vinna við langtímaáætlun um ríkistekjur og útgjöld og hagfræðilegar athuganir á ýmsum sérsviðum innan skrifstofunnar eða í samstarfi við aðrar skrifstofur. Þá hefur skrifstofan með höndum umsjón með upplýsingakerfi til nota við fjárlagagerð fyrir stofnanir, ráðuneyti og Alþingi. Verkefni skrifstofunnar skiptast þannig í helstu málaflokka:

**Fjárlagagerð:** Undirbúningur og umsjón með gerð frumvarps til fjárlaga. Tekur þetta til samskipta við ráðuneyti, gagnaöflunar og útgáfu frumvarps til fjárlaga.

**Tekjuáætlun:** Verkefnið felur í sér áætlun um innheimtu skatta og annarra tekna til ríkissjóðs, mats á áhrifum helstu skattbreytinga á afkomu ríkissjóðs og þátttöku í undirbúningi slíkra breytinga. Enn fremur fellur undir málaflokkinn aðild og upplýsingagjöf um tekjuhorfur ríkissjóðs.

**Fjáraukalög:** Gagnaöflun til undirbúnings fjáraukalögum lýtur í meginatriðum sömu reglum og undirbúningur fjárlagafrumvarps.

**Langtímaáætlun:** Verkefnið lýtur að samstarfsverkefni innan ráðuneytisins um gerð langtímaáætlunar í ríkisfjármálum sem árlega birtist í fjár-


lagafrumvarpi. Hlutverk skrifstofunnar er að leggja mat á tekju- og útgjaldahorfur til næstu ára.

**Fjárlagakerfi – gagnasafn:** Unnið er að því að þróa og koma upp til almennra nota gagnasafni fyrir fjárlagagerð ríkisins. Leitað verður áhlits og ábendinga notenda um þróun kerfisins.

**Rannsóknir á tekjum og gjöldum:** Nauðsynlegt er að ýmsir veigamiklir tekju- og útgjaldaflokkar séu skoðaðir ofan í kjölinn. Þessi verkefni eru ákveðin frá einum tíma til annars, en ýmis verkefni koma til skoðunar nú strax, einkum að því er varðar velferðarmál og tilfærslukerfi.

**Kostnaðarumsagnir um þingmál:** Kostnaðarumsagnir um stjórnarfrumvörp og önnur þingmál sem ríkisstjórn og Alþingi leita áhlits á, falla undir verksviðið. Jafnframt þátttaka í starfi er varðar stöðu og starf ráðuneytisins gagnvart þingnefndum og Alþingi.

## Rekstrar- upplýsingadeild



Hlutverk deildarinnar er að vera til aðstoðar við rekstur ráðuneytisins og stofnanir þess. Verkefni deildarinnar eru aukin og styrkt á sviði upplýsinga- og kynningastarfs frá því sem áður var. Einnig er ákveðið að þær skrifstofur sem fara með stjórnáslu stofnana ráðuneytisins taki á sig aukna ábyrgð við fjárlagagerð þeirra í samvinnu við deildina, í ljósi breyttra áherslna við fjárlagagerð og árangursstjórnun. Hjá deildinni aukast verkefni við starfsmannahald, launaafgreiðslu og reikningshald. Þá verða verkefni sem unnin hafa verið í Hagsýslu ríkisins að tölvumálum flutt til deildarinnar. Verkefni deildarinnar eru nánar skilgreind þannig:

**Almennur rekstur:** Til verkefnisins telst starfsmannahald ráðuneytisins, bókhald, umsjón með kaupum á vörum og þjónustu, umsjón með tækjakosti, aðbúnaði starfsmanna, starfsþjálfun og menntun og veikinda- og orlofsmál. Þá á deildin samstarf við trúnaðarmenn stéttarféлага. Starfsmannaráð og annað félagsstarf í ráðuneytinu nýtur aðstoðar deildarinnar.

**Fjárlagagerð og rekstrareftirlit:** Í þessu starfi felst samstarf við þær skrifstofur ráðuneytisins sem hafa með stjórnáslu stofnana að gera um fjárlagagerð, áætlanir og eftirlit. Þá vinnur deildin að fjárlagagerð fyrir aðalskrifstofu ráðuneytisins og sameiginlega fjárlagaliði á þess vegum.

**Sameiginleg þjónusta:** Undir þennan þátt fellur flokkun og vistun skjala, póst- og símaþjónusta, skráning og varsla bóka, tímarita og annarra gagna.

**Upplýsinga- og útgáfumál:** Deildin fer með upplýsingamál ráðuneytisins. Tekur þetta til upplýsinga á prentuðu máli í samvinnu við sérstaklega tilnefndan hóp starfsmanna. Þá falla undir þetta svið önnur mál er varða ráðuneytið og stofnanir þess í þróun upplýsingasamfélagsins.

**Eftirlit og aðhald:** Samkvæmt skipuriti og verklýsingu hefur deildin með höndum eftirlit og aðhald með því að ráðuneytið nái tilætluðum árangri í starfi sínu. Tekur það til málsmeðferðar, rekstrarárangurs, útgáfu ársskýrslu o.fl.

**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga:** Rekstrarstjóri stýrir Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga í samráði við fulltrúa annarra ráðuneyta og stofnana á Arnarhvolstorfundi. Starfsemin tekur til viðhalds og umsjónar með byggingum, húsvörslu, ræstingu, tölvuþjónustu o.fl.



## Áhrif breytts skipulags

Af skipulaginu, eins og það er ákveðið, leiða breytingar á starfsemi ráðuneytisins frá því sem verið hefur og þarf að skýra. Það er einkum fernt:

**Í fyrsta lagi** verða áherslumál fjármálaráðherra og yfirstjórnar ráðuneytisins í efnahags- og ríkisfjármálum sem og á öðrum sviðum, unnin með *verkefnastjórnun*. Áhrifin eru augljóslega nokkur á stjórnun innan ráðuneytisins. Þessi verkefni kalla á samstarf og aðild skrifstofa ráðuneytisins eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Hlutverk stjórnenda ráðuneytisins er að finna jafnvægi milli vinnuframlags starfsmanna í hlutaðeigandi skrifstofu og að sérverkefnum.

Þau úrlausnarefni sem unnin verða samkvæmt verkefnastjórnun eru ákveðin af yfirstjórn ráðuneytisins og stjórnendur verkefnanna gera grein fyrir framgangi og niðurstöðum til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

**Í öðru lagi** verður unnið áfram að hagræðingu og umbótum í starfsemi ríkisins. Annars vegar verður unnið að almennri nýskipan í ríkisrekstri og hins vegar að umbótum í starfi stofnana fjármálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta eftir því sem óskað er. Þannig verður sérþekking starfsmanna ráðuneytisins nýtt í veigamiklum málaflokkum í tengslum við skrifstofur ráðuneytisins og aðra aðila.

**Í þriðja lagi** verður starf *staðgengils ráðuneytisstjóra* skilgreint með öðrum hætti en verið hefur. Hann mun gegna fleiri verkefnum í stjórnun ráðuneytisins og gegnir starfinu tiltekinn tíma. Þá er ákveðið að einn sérfræðingur ráðuneytisins aðstoði ráðuneytisstjóra við ýmis störf. Tilgangurinn með þessu er að bjóða hæfum sérfræðingum að kynnast sem flestum starfssviðum ráðuneytisins og afla sér þannig reynslu. Starfið yrði ákveðið til eins árs í senn og er óháð sérsviðum ráðuneytisins. Hlutaðeigandi sérfræðingur gegnir einnig starfi í þeirri skrifstofu sem hann tilheyrir og stýrir sérverkefnum, ef svo ber undir.

**Í fjórða lagi** verður starfsmanni einnar skrifstofu falið að vinna að **upplýsinga- og kynningarstarfi**. Hlutverk þessa starfsmanns er að aðstoða allar skrifstofur og verkefnastjóra við að útbúa og koma á framfæri efni sem á erindi við almenning og hagsmunaaðila. Hann ber jafnframt ábyrgð á því að heimasíða ráðuneytisins sé vettvangur fyrir kynningar- og útgáfuefni ráðuneytisins og þjóni sem gagnvirkur miðill ráðuneytis og almennings og hagsmunaaðila, innanlands og utan.



## 4. Starfsfólk

**A** sérhverjum vinnustað gildir að vinnuveitandinn hefur skuldbindingar gagnvart starfsmönnum, m.a. þær að skýra þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í starfi. Með svipuðum hætti hafa starfsmenn skyldur gagnvart vinnustaðnum. Sumt af þessu er kveðið á um í lögum og kjarasamningum en annað ekki. Það verður best gert með því að stjórnendur leggi rækt við að tileinka sér og viðhalda góðu starfsmannahaldi þar sem gagnkvæmur réttur er virtur.

Starfsemi fjármálaráðuneytisins þarf að vera til fyrirmyndar, þar á meðal hvernig haldið er á starfsmannamálum. Hér reynir jafnt á stjórnendur og starfsmenn. Til starfsmanna gerir ráðuneytið þær kröfur:

- \* að þeir sýni kunnáttu og færni í starfi,
- \* að þeir sýni árangur í starfi,
- \* að þeir fylgi þeim formlegu og óformlegu reglum sem um starf þeirra gildir og
- \* að þeir leggi sig fram um að eiga góð samskipti við aðila utan sem innan ráðuneytisins.

Til að starfsmenn megi verða við þessum kröfum hefur ráðuneytið sett sér eftirfarandi:

**Í fyrsta lagi**, að sjá til þess að til séu skýrar lýsingar á verksviði og ábyrgð starfsmanna. Einnig að fyrir hendi séu skjalfestar verklagsreglur um hvernig vinna skuli að verkefnum ráðuneytisins eftir því sem kostur er.

**Í öðru lagi**, að ráðuneytið hafi ávallt á að skipa færðu starfsfólki sem sinnt getur fjölbreyttum verkefnum. Í hvívetna skal gætt jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi. Sérstaklega verður hugað að kynjaskiptingu við val yfirmanna. Í þessu felst m.a.:

- \* að vandað sé til ráðningar nýrra starfsmanna jafnhliða því að styrkja þá ímynd að ráðuneytið sé áhugaverður vinnustaður þar sem skipulag starfsins og kröfur um framlag starfsmanna er skýrt.
- \* að endurmenntun og endurbjálfun starfsmanna sé viðurkennd í starfsemi ráðuneytisins. Sérstaklega skal veita starfsmönnum þjálfun í verkefnisstjórnun og notkun upplýsingakerfa. Einnig skal unnið að því að starfsmenn fái tækifæri til endurmenntunar á þeim sérsviðum sem þjóna hagsmunum ráðuneytisins og gera starfsmenn hæfari til að gegna skyldum sínum.

**Í þriðja lagi**, verði frammistaða starfsmanna metin reglulega. Þetta verði gert með starfsmannasamtölum milli yfirmanna og starfsmanna. Slík samtöl eru gagnkvæmur vettvangur starfsmanns og yfirmanns til að koma á framfæri athugasemdum um hvað betur megi fara í starfi.

**Í fjórða lagi**, verði starfsmönnum umbunað í samræmi við árangur. Þetta má gera með ýmsum hætti. Svo sem þannig, að hæfum starfsmönnum verði gefið færi á fjölbreyttari störfum, ábyrgð þeirra verði aukin, þeim verði falið að koma fram fyrir hönd ráðuneytisins og að frammistaða skipti máli þegar kjör og laun starfsmanna eru ákveðin.

**Í fimmta lagi**, verði gagnkvæmur skilningur starfsmanna og stjórnenda á því að tilflutningur í starfi hefur gildi fyrir þann sem í hlut á. Viðtæk þekking og reynsla gerir starfsmenn hæfari til þess að takast á við fjölbreytt verkefni og eftirsóknarverðari á vinnumarkaði. Því geti stjórnendur ráðuneytisins jafnt sem starfsmenn tekið upp ný verkefni innan ráðuneytisins eða í stofnunum þess. Tilgangurinn með því að einn sérfræðingur ráðuneytisins verði ráðuneytisstjóra tímabundið til aðstoðar og kynnist þannig sem flestum verkefnum ráðuneytisins, er einmitt þessi.

## 5. Aðhald og eftirlit

**E**ftirlit með starfsemi ráðuneytisins skiptist einkum í þrennt.

**Í fyrsta lagi** er það eftirlit sem lýtur að lögbundnu hlutverki ráðuneytisins. Eftirlitsaðilinn í þessu tilviki eru þeir sem fjármálaráðherra og ráðuneytið leggur fagmálin fyrir. Alþingi, ríkisstjórn, samstarfsráðuneyti og stofnanir, hagsmunaaðilar og fjölmiðlar eru, og eiga að vera, kröfuharðir um fagleg og rökrétt vinnubrögð. Matið birtist í umfjöllun opinberlega og því orðspori sem af ráðuneytinu fer.

**Í öðru lagi** er eftirlit með þeim skyldum ráðuneytisins sem kveðið er á um í lögum. Fjöl mörgum lagaákvæðum ber ráðuneytinu að sjá til að sé skilmerkilega framfylgt. Hér þarf aðeins að nefna lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fjárreiðulög, tollalög, fjölmörg skattalög o.s.frv. Þá lýtur ráðuneytið einnig virks eftirlits og aðhalds umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðunar, stjórn-sýslulaga o.fl.

**Í þriðja lagi** er það síðan eftirlit með því að fylgt sé reglum og vinnulagi sem gildir um innra starf ráðuneytisins. Um reglur og vinnulag ráðuneytisins getur nánar í Handbók starfsfólks og öðrum leiðbeiningum. Rekstrardeild ráðuneytisins hefur það hlutverk að fylgjast með og kynna stjórnendum ráðuneytisins ef misbrestur verður á. Ákveðið er að:

- \* tekin verði upp verkefnaskráning og vinnutímaskráning tiltekinna verkefna,
- \* málaskrá ráðuneytisins verði notuð til að fá yfirsýn um afgreiðslutíma mála,
- \* settir verði árangursmælikvarðar fyrir ráðuneytið,
- \* starfs- og rekstraráætlun ráðuneytisins og raunveruleg útkoma verði gerð starfsmönnum heyrinkunn og
- \* gerð verði ársskýrsla ráðuneytisins og hún birt.

Eðli máls samkvæmt fellur það fyrst og fremst undir skyldur ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra, rekstrarstjóra og annarra stjórnenda að sjá til þess að eftirlit með starfinu sé virkt og það virt.





## Erindisbréf

fyrir ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins  
skv. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi  
og skyldur starfsmanna ríkisins

Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins er æðsti embættismaður ráðuneytisins. Hann ber ábyrgð á daglegri stjórnun ráðuneytis undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Ráðuneytisstjóri skal tryggja samfellu og stöðugleika í stjórnsýslu ráðuneytisins. Hann ber jafnframt ábyrgð á að stefna fjármálaráðherra í einstökum málum komist til skila við meðferð verkefna í ráðuneytinu á hverjum tíma. Skal ráðuneytisstjóri stýra ráðuneytinu í samræmi við þetta og annað sem kveðið er á um í erindisbréfi þessu.

Ráðuneytið starfar samkvæmt lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Í auglýsingu nr. A96/1969, er gerð grein fyrir verkaskiptingu milli ráðuneyta og talin upp helstu verkefni fjármálaráðuneytisins. Um verklag í stjórnsýslunni gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993 og upplýsingalög nr. 50/1996.

Ráðuneytisstjóri skal leggja fram skipurit fyrir ráðuneytið og kynna það ráðherra. Þar komi fram verkaskipting milli starfseininga ráðuneytisins og meginreglur um vinnulag í ráðuneytinu. Ráðherra staðfestir skipulagið til þess að það öðlist gildi.

Hlutverk fjármálaráðuneytisins er í aðalatriðum tvíþætt: Annars vegar að vera fjármálaráðherra til fulltingis við mótun stefnu í efnahags- og ríkisfjármálum og rekstri ríkisins, og hins vegar að sjá um rétta framkvæmd þeirra ákvarðana sem liggja fyrir í lögum eða með öðrum gildum hætti. Þá skal hann leggja áherslu á góða stjórnsýslu í hvivetna.

Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis skal í starfi sínu auk þess vinna að:


1. Faglegri samhæfingu og skilvirkri umfjöllun um verkefni ráðuneytisins.
2. Samstarfi við Alþingi, stofnanir þess, hagsmunaaðila og fjölmiðla.
3. Viðhaldi trausts og góðra tengsla við þær stofnanir sem heyra undir fjármálaráðuneytið.
4. Sameiginlegum verkefnum sem varða fjármálaráðuneytið og önnur ráðuneyti.
5. Mörkun stefnu ráðuneytisins í samskiptum við erlenda aðila.

Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð á því að lögð sé fram fyrir lok febrúar ár hvert, starfs- og rekstraráætlun til eins árs sem kynnt er ráðherra. Þar skal gerð grein fyrir helstu starfsmarkmiðum ársins og þeim árangursmælingum sem best lýsa starfsemi ráðuneytisins. Ráðuneytisstjóri skal fyrir 1. mars ár hvert leggja fram ársskýrslu s.l. árs þar sem fram kemur samanburður á fyrirætlun og niðurstöðum árangursmælinga, auk efnahags- og rekstrarreiknings.

Ráðuneytisstjóri skal, sbr. stefnu fjármálaráðherra í jafnréttismálum og 6. gr. laga nr. 70/1996, einnig stuðla að því að störf innan ráðuneytisins henti jafnt konum sem körlum og vinna að jafni stöðu kynjanna í hvivetna.

Erindisbréf þetta gildir þar til fjármálaráðherra ákveður annað. Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis getur óskað endurskoðun erindisbréfs þessa.

*Fjármálaráðuneytinu 4. mars 1998*

  
fjármálaráðherra



## Löggjöf sem fjármálaráðuneytið vinnur eftir

1. Auglýsing nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands
2. Stjórnsýslulög, nr. 37/1993
3. Lög nr. 50/1996, upplýsingalög
4. Lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins
5. Lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
6. Lög nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak

## Yfirlit yfir helstu lög sem fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd á

### *I. Ríkisfjármál og ríkisábyrgðir*

1. Lög nr. 79/1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs
2. Lög nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins
3. Lög nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.
4. Lög nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir

### *II. Skatta- og tollamál*

1. Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt- og eignarskatt
2. Lög nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda
3. Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda
4. Lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts
5. Lög nr. 30/1992, um yfirs kattanefnd
6. Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald
7. Lög nr. 65/1982, um skattskyldur lánastofnana
8. Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt
9. Lög nr. 55/1987, tollalög
10. Lög nr. 97/1987, um vörugjald
11. Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi
12. Lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar (þungaskattur)
13. Lög nr. 36/1978, um stimpilgjald
14. Lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs

### *III. Bókhald og ársreikningar*

1. Lög nr. 145/1994, um bókhald
2. Lög nr. 144/1994, um ársreikninga
3. Lög nr. 18/1997, um endurskoðendur

### *IV. Lífeyrismál*

- Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda
- Lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda
- Lög nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda
- Lög nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða
- Lög nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins
- Lög nr. 2/1997, um lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga
- Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða


### *V. Opinber innkaup*

- Lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda
- Lög nr. 52/1987, um opinber innkaup

### *VI. Annað*

- Lög nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins

**Fjármálaráðuneytið**  
Meginskipulag og helstu verkefni  
Maí 1993



39.50.98  
*[Handwritten signature]*  
*[Handwritten signature]*



